

SAMKOMULAG

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) og Félag sjúkraþjálfara (FS) gera með sér eftirfarandi samkomulag um aðkomu FS að faglegum málefnum er varða rammasamning SÍ og sjúkraþjálfara, dags. 31. janúar 2014.

1. Hvor aðili um sig tilnefnir two fulltrúa í samstarfsnefnd. Hún sinnir þeim verkefnum sem tilgreind eru í samkomulagi þessu. Ef málsaðili rammasamningsins óskar þess tekur hún einnig til úrlausnar álitamál vegna rammasamningsins.
2. Aðilar hafa eftirlit með því að aðstaða sé skv. 3. gr. rammasamningsins og búnaður í samræmi við fylgiskjal nr. 1 og fjalla um umsóknir um frávik.
3. Aðilar marka stefnu og taka ákvarðanir um þróun SP-kerfisins. Nefndin skal hafa forgöngu um heildarendurskoðun þess. Tillögur skulu liggja fyrir 1. nóvember 2014.
4. Samstarfsnefndin skal fá upplýsingar um stöðu SP-sjóðsins ársfjórðungslega.
5. Aðilar fjalla um álitamál sem upp kunna að koma vegna samskipta sjúklinga og sjúkraþjálfara.
6. Aðilar gera tillögur í öðrum málum er upp kunna að koma í samskiptum SÍ og sjúkraþjálfara.
7. Hvor aðili fyrir sig getur óskað eftir fundi um önnur fagleg mál, en að ofan greinir, er varða rammasamninginn.
8. Nefndin skal fara yfir viðurkennda framhaldsmenntun tengda faginu sem metin verður til hækunar, sbr. bókun nr. 2 með rammasamningi.
9. Nefndin skal fara yfir ákvæði sem varða meðferð barna í grunnskólam, sbr. bókun nr. 3 með rammasamningi.
10. Nefndin skal í maí og nóvember ár hvert endurskoða einingarverð skv. grein 6.7 í rammasamningnum.
11. Nefndin skal beita sér fyrir því að fjölda einföldum meðferðum og hópméðferð I að lágmarki um 20% í þeim tilgangi að draga úr vægi dýrari meðferðaforma.
12. Nefndin skal funda að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímum.

Framlag FS skv. samkomulagi þessu er SÍ að kostnaðarlausu, nema um annað sé samið sérstaklega.

Samningur þessi kemur í stað samnings dags. 5. febrúar 2014.

Reykjavík, 13. febrúar 2014

F.h. Sjúkratrygginga Íslands,

*Gudlaug Þórssdóttir
Fréttasjón afstættarsal*

F.h. Félags sjúkraþjálfara
með fyrirvara um samþykki félagsmanna:

*Óliver Þórsson
Kristján Þórsson Þórsson*